



Vöruupplýsingar

Nýtt Shell V-Power bensín

Hið nýja endurhannaða Shell V-Power er 99 oktana hágæða blýlaust bensín sem hefur verið þróað til að veita viðskiptavinum fjölmarga kosti og er bensínið eingöngu fáanlegt frá Shell. Shell V-Power er þróað af sérfræðingum á rannsóknar- og þróunarstofum Shell Global Solutions í Bretlandi og Þýskalandi. Nýja bensínið er byggt á tækni sem varð til í kjölfar tæknisamvinnu Shell og liðs Ferrari í Formúlu 1. Shell V-Power hefur verið markaðssett með góðum árangri víða í Evrópu. Hér er jafnframt um að ræða tæknilega sérhæfðasta bensín sem Shell hefur nokkru sinni boðið á Íslandi.

Eiginleikar og kostir hins nýja Shell V-Power

Nýtt Shell V-Power er þróað til að veita viðskiptavinum fjölmarga kosti:

- **Afl**
 - Hið nýja bensín inniheldur nýja og einstaka uppskrift Shell, svokallaða "Friction Modification Technology" (FMT), sem er nákvæmlega sú sama og notuð er af liði Ferrari í Formúlu 1 á keppnistímabilinu 2007. FMT er þróað til að draga úr núningi viðkvæmra vélarhluta með yfirborðspekjandi efni. Þetta leiðir til minni mótstöðu, sem getur leyst úr læðingi orku sem annars tapaðist og skilað meiri afköstum frá fyrstu áfyllingu.
 - Auk þess er hið nýja Shell V-Power með oktan tölu upp á 99, sem er hæsta gefin oktan tala sem boðin er í blýlausu bensíni á íslenskum markaði. Það er jafnframt þróað til að veita aukið afl og bæta hröðun í flestum nýrri ökutækjum.
- **Frammistaða**
 - Hið nýja Shell V-Power er þróað til þess að bæta snerpu véla frá fyrstu áfyllingu og hámarka afköst þeirra og viðbragð. Með því að hreinsa þær agnir sem safnast hafa upp vegna notkunar á gæðaminna bensíni getur Shell V-Power endurheimt bestu mögulegu afköst eldri véla.
 - Nýtt Shell V-Power er sérstaklega þróað til að halda sogkerfi vélarinnar hreinu og bæta loft- og eldsneytisflæði inn í brunahólfið. Þetta leiðir til betri bruna eldsneytisins sem getur aukið viðbragð vélarinnar.
 - Nýtt Shell V-Power er hannað til að endurheimta bestu mögulegu afköst í eldri vélum og viðhalda nýjum vélum í toppstandi.

Notkun hins nýja Shell V-Power

Hið nýja Shell V-Power hentar fyrir allar bensínvélar sem hannaðar eru fyrir 95 eða 98 oktana blýlaust bensín. Hið nýja Shell V-Power er hannað með eftirfarandi kosti í huga:

- Bætt hröðun og viðbragð
- Kemur í veg fyrir að orka tapist vegna myndunar skaðlegra agna á ventlum og í eldsneytiskerfi og fjarlægir þær sem safnast hafa upp vegna notkunar á gæðaminna bensíni

Hægt er að blanda hinu nýja Shell V-Power við annað blýlaust bensín. Hins vegar mælir Shell með reglulegri notkun Shell V-Power til að fullnýta eiginleikana.

Tengiliður: Stefán Karl Segatta

Dags. 16. maí 2007